

Föstudaginn 14. mars 1997.

Nr. 117/1997.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Jóhann Hauksson lögfræðingur)

gegn

Rúnari Kolbeini Óskarssyni

(Pétur Gautur Kristjánsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. mars 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 11. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. mars 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. apríl nk. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. mars 1997.

Ár 1997, föstudaginn 7. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Rúnari Kolbeini Óskarsyni, kt. 250757-4179, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til kl. 16 föstudaginn 2. maí 1997 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a og b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 13. desember 1996, en gæsluvarðhaldsvist hans hefur verið framlengd tvívegis með úrskurðum Héraðsdóms Reykjavíkur, síðast með úrskurði, kveðnum upp 6. febrúar 1997.

Lögreglan hefur frá 11. desember 1996 rannsakað brot á fíkniefnalöggjöf. Hún segir, að um sé að ræða eitt umfangsmesta fíkniefnamál, sem hafi komið upp hér á landi, en flutt hafi verið inn 25 kíló af hassi, 3 kíló af amfetamíni og 500-600 E-töflur.

Við húsleit á heimili kærða 12. desember sl. fundust rúm 8 kíló af hassi, 270 grömm af amfetamíni, 482 E-töflur og 16 grömm af hassolíu. Fyrr um daginn hafði lögreglan fylgst með fundi hans og annarra grunaðra í málinu, þar sem fóru fram viðskipti með fíkniefni.

Kærði hefur viðurkennt að hafa haft undir höndum u. þ. b. 8 kíló af hassi og 270 grömm af amfetamíni og 482 E-töflur, auk þess að hafa sótt efni, sem hann hafi talið vera hass, hjá Albart Jan van Houten, sem er grunaður um innflutning efnanna, en það hafi átt að koma því í umferð, eins og kærði hefur orðað það.

Með hliðsjón af játningu kærða og gögnum málsins er rökstuddur grunur um, að kærði eigi þátt í stórfelldum innflutningi fíkniefna, kaupum á þeim og dreifingu, en það gæti varðað hann tíu ára fangelsi samkvæmt 173. gr. a og b almennra hegningarlaga. Í ljósi þess, hve rannsóknin er umfangsmikil, en hún er langt komin, og að lögreglan hefur þurft að leita samráðs við yfirvöld í Hollandi um aðgerðir í þágu rannsóknar málsins, sem nú hefur verið ákveðið, að fari fram í næstu viku, en að því loknu á að ljúka málinu og senda það ríkissaksóknara, verður ekki fallist á það með verjanda kærða, að rannsókn málsins hafi dregist óhæfilega.

Samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 er fallist á kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um, að kærða verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi, en þó ekki lengur en til föstudagsins 18. apríl nk., eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Rúnar Kolbeinn Óskarsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 18. apríl nk. kl. 16.00, en þó ekki lengur en þar til dómur gengur í máli hans.